

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að í stað iðnaðarsvæðis á lóðinni nr. 12 við Hafnarbraut verður landnotkun blönduð, þ.e. fyrir iðnað og íbúðir.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Línadal.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000, Ásbraut/Reykjanesbraut.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000, sem staðfest var 8. desember 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin varðar tengingar Reykjanesbrautar við tengi- og safngötur sunnan og vestan Hvamma.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tekur að sér að bæta tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Línadal.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010 frá 30. nóvember 1990 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að gert er ráð fyrir nýjum gatnamótum við Drottningarbraut u.þ.b. 300 m norðan gatnamóta við Aðalstræti.